

# Skilalýsing - 20 fm ferðapjónustuhús

## Meðfylgjandi húsinu

Eru allar nauðsynlegar arkitekta- og verkfræðiteikningar ásamt rafmagnsteikningum. Undirstöðuteikningar fylgja verkfræðiteikningum.

## Frágangur hússins - burðarvirki

- Gólf er frágengið og klárt á þremur 2x45x220mm dregurum. Gólframminn er byggður úr 45 x190 mm timbri cc 60 cm, lausholtum cc 120 cm. Á milli dregara og gólframma er gólfið lokað af með vindvarnarlagi og músaneti. Að innan er gólfið fyllt með 15 cm steinull, rakavarnarlagi og klætt með 18 mm krossvið.
- Útveggir eru byggðir úr 45 x 145 mm. Einföld reim að neðan en tvöföld að ofan. Þaksperrurnar eru úr 45 x 220 mm timbri settum saman með krossviðarlöskum og togbandi. Ytra byrgði veggstoða er klætt með 9 mm krossvið, 21 x 70 mm lektum og að síðustu er 22 mm bandsöguð timburklæðning. Veggir eru tengdir við gólf með 12 mm frönskum skrúfum í gegnum bmf vinkla sem eru negldir í veggstoðir með 6 stk 4/40 bmf saum.
- Gluggar eru timburgluggar með tvöföldu 4 mm gleri með argon K. Hvítlakkaðir. Gluggaaðfellur og gerefti eru fura. Hurð er timbur flekahurð hvítlökkuð með glugga og þriggja punkta Assa læsingu.
- Þaksperrurnar eru klæddar með borðaklæðningu 25 x150 mm. Þar næst Isola Dglass þakpappa og að síðustu Alusink báruþakjárn.
- Þak er frambyggt um 1,5 metra og haldið uppi með 95 x 95 timbri fest við dregarana sem ná fram fyrir húsið. Undir þakskyggni er klætt með 22 mm timburklæðningu.
- Engar þakrennur eru á bústaðnum.

Framhald á næstu bls.

## Frágangur hússins - að innan

- Á innra sperrubyrgði er rakavarnarlag, næst rafmagnslektur og að síðustu 12 mm furubaðstofupanel eða gips.
- Rafmagnsefni er hvítt frá Merten.
- Á gólfi er eikarlitað harð/plast parket 8 mm ásamt undirlagi en á baði er vinil öryggisdúkur. Niðurfall er á baði.
- Á baðherberginu er veggengt wc, veggfestur handlaugarskápur með tækjum og 80 x 80 heill sturtuklefi, rúnaður. Fyrir ofan vaska er speglaskápur.
- 80 cm innihurðir eru á baði og svefnherbergi. Hurðirnar, gerefti og karmar eru fura.
- Í alrýminu er lítil hvít eldhúsinnrétting með vaski og vaskaskáp, plássí undir borði fyrir ísskáp og skúffueiningu ásamt helluborði með tveimur hellum. Að ofan eru þrír grunnir efri skápar.
- Fjórir olíufylltir rafmagns þilofnar eru í húsinu, einn í hverju rými. Hægt að breyta yfir í hitaveituofnalögn.
- Utan á húsinu er lokaður einangraður skápur með læsanlegum hurðum sem inniheldur rafmagnsinntak og töflu ásamt uppsettum varmaskiptir fyrir heitt vatn.
- Framan við húsið er frambyggður 2.5m pallur með verönd/dekkii og 100 cm háum tvöföldum skjólvegg. 90 cm gönguop að framan eins og sést á mynd en engu hliði né stiga.

Hafðu samband til þess að fá verðtilboð.

Fríða Stefánsdóttir

[www.reisum.is](http://www.reisum.is)

[reisum@reisum.is](mailto:reisum@reisum.is)

Sími: 464 1202 / 899 0913